

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is

MAÍ 2022

5. tbl. 29. árg.

Vertu tilbúin/n þegar draumaeignin kemur í sölu

Skráðu eignina til sölu hjá mér. Ég sendi atvinnuljósmyndara að taka myndir þér að kostnaðarlausu.

Ég geri allt klárt og þegar draumaeignin kemur í sölu þá setjum við þína eign í sölu og höldum opið hús áður en opna húsið í draumaeigninni er haldið.

Ef þú færð ekki draumaeignina þá greiðir þú ekkert.



Frítt verðmat!

ÞORLÁKUR
S: 699 4675
thorlukur@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA
fastlind.is | njaribudir.is

Bókagjöf í Breiðholtið og beint flug til Dóminíska lýðveldisins



Jose Banco sem er nýr sendiherra fyrir Dóminíska lýðveldið hér á landi með aðsetur í New Jersey afhenti Borgarbókasafninu í Gerðubergi bækur frá heimalandi sínu þegar hann kom og afhenti forseta Íslands trúnaðarbréf sitt fyrir skömmu.

Hann setti sig í samband við Evelin Rodriguez sem rekur kaffihúsið í Gerðubergi og er samlandi hans um að koma gjöfinni til skila. Í skjáskoti frá forseta Íslands kemur fram að þeir hafi m.a. rætt möguleika á auknu samstarfi milli landanna tveggja, svo sem á sviði sjávarútvegs og ferðaþjónustu. Banco ræddi einnig við forráðamenn Icelandair um að koma á beinu flugi á milli Íslands og Dóminíkanska lýðveldisins og mun undirbúningur þess þegar hafinn. Á myndinni eru Jose Banco og Evelin Rodriguez þegar hann kom til að afhenda bækurnar í Gerðubergi.

 **Brynja**

Hinn eini sanni Brynjuís
nú kominn í Lóuhólana!

 **Brynja**

**Pitt hverfi hefur hækkað
einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ  BREIÐHOLTID



OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

5. tbl. 29. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Hverfisskipulag Breiðholts staðfest

- nýjungar og uppbygging einkenna skipulagið



Frá einum af mörgum kynningarfundum sem efnt var til vegna hverfisskipulagsins.

Hverfisskipulag fyrir Neðra-Breiðholt, Seljahverfi og Efra-Breiðholt hefur tekið gildi. Það leysir eldri deiliskipulagsáætlanir af hólmi. Helstu markmið hverfisskipulagsins eru að gróin hverfi í borginni verði sjálfbærari og vistvænni en áður, íbúðum fjölgi og þægilegra verði fyrir húseigendur að gera breytingar á fasteignum sínum.

Hverfisskipulagið er afrakstur vinnu- og samráðsferlis sem hófst árið 2016. Haldnir hafa verið samráðsfundir með íbúum, bæði nemendum í grunnskóla og eldri íbúum, auk þess sem Gallup stýrði aldursskiptum rýnihópum úr öllum hverfum Breiðholts. Meðal helstu atriða í hverfisskipulagi eru uppbygging og efling hverfiskjarna í öllum hverfum Breiðholtsins, við Arnarbakka og Eddufell-Völvufell þar sem deiliskipulagsvinnu er að mestu lokið, samhliða gerð hverfisskipulagsins. Efling byggðar við Austurberg og Gerðuberg þar sem styrkja á miðju Efra-Breiðholts og borgarhlutans, m.a. með uppbyggingu dans- og fimleikahúss sem nýst getur öllum borgarbúum.

Innviðir við borgargötur

Borgargötur sem njóta forgangs við endurhönnun og fegrun verða við Arnarbakka í Neðra Breiðholti, Rangársel í Seljahverfi og Austurberg í Efra Breiðholti. Við borgargötur verða byggðir upp

innviðir eins og hverfistorg, hleðslustöðvar og djúpgámar. Hverfiskjarnar við Hólagarð og Rangár- og Hólmasel eru skilgreindir sem þróunarreitir og unnið verður sérstakt deiliskipulag fyrir þá. Sama gildir um Mjóddina þar sem vinna við deiliskipulag hefst á þessu ári.

Áhugavert þróunarsvæði er einnig skilgreint við Jórufell, en í skipulagsferlinu komu fram hugmyndir um að þróa þar nýja byggð í samvinnu við Félagsbústaði, sem eiga allar íbúðir þar. Önnur skilgreind þróunarsvæði fyrir nýja byggð eru við Suðurfell og Suðurhóla. Síðast en ekki síst skal nefna vetrargarð í Seljahverfi sem hlaut feikilega góðar viðtökur í samráðsferli hverfisskipulags. Undirbúningur framkvæmda er þegar vel á veg kominn.

Auðveldara að breyta fasteignum

Með samræmdum skipulagsskilmálum, sem m.a. hafa tekið mið af algengum umsóknum um breytingar á fasteignum, verður nú mun auðveldara fyrir húseigendur í Breiðholti að sjá hvaða heimildir þeir hafa til breytinga á sínum fasteignum og einfaldara að sækja um leyfi þar sem tímafrekar og kostnaðarsamar deiliskipulagsbreytingar og grenndarkynningar verða að mestu úr sögunni





BS VERKTAKAR
verktak@verktak.is
verktak.is
551-4000



• MALBIKSVIÐGERÐIR
• MÁLUN BÍLASTÆÐA
• VÉLSÓPUN




Þjónusta í þágu íbúa

Þrátt fyrir að hávaði og deilur hafi einkennt störf borgarstjórnar á því kjörtímabili sem er að ljúka virðast flestir frambjóðendur á því máli að haldið verði áfram á svipaðri braut þótt áherslur séu eðlilega mismunandi.

Þétting byggðar er nokkuð óumdeild og einnig endurskipulag umferðarmála meðal annars með byggingu svonefndar borgarlínu.

Bíllinn hefur verið til umræðu. Hann er ekki að hverfa. Notkun hans mun þó koma til með að breytast á komandi tímum. Hún mun meira miðast við frístundir og ferðalög fólks en daglegt borgarskutl. Fólk horfir einnig til þess að lækka samgöngukostnað.

Flestir vita að húsnæðisskortur er farinn að valda verulegum vanda eftir fólksfjöldun og einnig samdrátt í byggingum á eftirhrunsárunum. Skoðanir kunna að vera skiptar um hvernig beri að nálgast hann og leysa úr honum. Helst er deit um hvort leggja eigi áfram áherslu á þéttingu byggðar eða hvort fara eigi aftur í útpenslustíl fyrri ára.

Sveitarstjórnarmál snúast ekki einvörðungu um pólitík. Þau snúast fyrst og fremst um að veita ákveðna þjónustu í þágu íbúa. Sveitarstjórnnum eru skammtaðir tekjustofnar með lögum. Pólitík kemur þar takmarkað við sögu. Þess sér stað í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna. Fólk veit að nærþjónustan er ekki vettvangur pólitískra átaka. Hún er umfang vinnu innan fyrirfram ákveðins ramma.

Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga hefur fallið nokkuð í skugga landsmálanna eftir umdeilda sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Fólk hefur einnig takmarkaðan áhuga á barningi á sveitarstjórnarstiginu. Vill að sveitarfélögin vinni að verkefnum sínum í þágu íbúanna.



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is
eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð 9-18 virka daga.

www.borgarblod.is

Fólkið fyrst

í betra Breiðholti!

Forgangsröðum fjármunum borgarinnar til að stórbæta þjónustu og velferð fólks.

- Tryggjum að engin börn í Reykjavík þurfi að bíða eftir þjónustu fagfólks. Bið getur kostað líf.
- Tryggjum að öll börn fái aðgengi að tómstundastarfi og íþróttum, óháð efnahagsstöðu foreldra. Skiljum engan út undan.
- Stóraukum framboð á lóðum. Það er grafalvarlegt að húsaleiga nemi allt að 70% af ráðstöfunartekjum fólks.
- Gerum eldra fólki kleift að búa sem lengst heima. Tryggjum viðeigandi heimþjónustu.
- Við viljum að frítt sé í strætó fyrir alla. Almenningssamgöngur eiga að vera góður valkostur og enginn á að vera útilokaður frá þeirri þjónustu vegna bágrar fjárhagsstöðu.



Rúnar Sigurjónsson

Vélsmiður, 5. sæti

Einar S. Guðmundsson

Kerfisfræðingur, 3. sæti

Kolbrún Baldursdóttir

Borgarfulltrúi og sálfræðingur, 1. sæti

Helga Þórðardóttir

Kennari við Barnaspítala Hringins, 2. sæti

Natalie G. Gunnarsdóttir

Stuðningsfulltrúi og háskólanemi, 4. sæti

VIÐTALIÐ

Breiðholt framtíðar verður til

- segir Sara Björg Sigurðardóttir frambjóðandi Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningar-
nar í vor, skipar 7. sæti listans, hefur verið varaborgarfulltrúi síðan 2019. Hún er einnig formaður
íbúaráðsins í Breiðholti og tekur spjallið við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

Að undanförunu hefur verið unnið markvisst að margvíslegri uppbyggingu í Breiðholti. Bæði er snúa að skipulagi, eins og uppkaupum á hverfiskjörnum við Arnarbakka og Völvufelli, fjárfestingu í íþróttamannvirkjum við Suður Mjódd, samgöngubrú yfir Breiðholtsbraut og endurbættum torgum í Mjódd en líka í félagsauð og mannlífi í fjölmennasta hverfi borgarinnar. Ýmsar nýjungar hafa verið til gerðar og komist til framkvæmda. Má þar nefna styrki til þátttöku í félagslífi og eflingu félagsauðs. Sérstakt verkefni til þess að auðvelda aðfluttu fólki að hefja nýtt líf í Breiðholti en þar er einhver fjölmennasta byggð fólks sem á uppruna sinn í öðrum löndum og stundum ólíku menningarumhverfi. En gefum Söru orðið. Hún byrjar á að fjalla um íbúaráðin og hlutverk þeirra.

„Ein að þeim ákvörðunum sem teknar voru við myndum meirihluta í borgarstjórn að aflokunum síðustu kosningum var að endurskoða þáverandi hverfisráð. Í framhaldi af því fór fram vinna við að endurskilgreina verkefni ráðanna, þau fengu nýtt nafn og þróun þeirra áfram varð að tilraunaverkefni til tveggja ára. Eitt af því sem var lagað var samsetning hópsins en ráðsmönnum var fjölgað, fundir gerðir opnir öllum íbúum alltaf og heiti var breytt úr hverfisráðum í íbúaráð. „Eitt af því sem var gert var að opna fundi ráðanna með það fyrir augum að hver sem er gæti komið inn á fundina. Hugsunin að baki því var að tengja ráðin betur við íbúana. Vera mikilvæg brú hverfisins við stjórnsýslu borgarinnar en Kovid faraldurinn tafði þessa framkvæmd eða breytti henni um tíma vegna þess að við urðum að streyma fundunum þegar ekki var hægt að kalla fólk saman. Fjarfundir verða aldrei eins kröftugir eða skemmtilegir. En starfsemin breyttist. Áður voru þetta lokaðir pólitískir fundir en nú var þetta opnað fyrir alla. Í dag eru ráðin skipuð sex fulltrúum. Þrír þeirra eru kjörnir. Einn er valinn af handahófi, fulltrúi íbúa án neinna tengsla við borgarstjórn eða félagsamtök, einn er fulltrúi foreldrafélaganna og einn fulltrúi íbúasamtaka. Fjölbreyttur hópur sem tengist hverfinu á ólíkan hátt, er á mismunandi aldri en allir hafa það sameiginlegt bera hlýhug til hverfisins og hag þess í brjósti.“

198 milljónir í hverfistengd verkefni

Sara segir að fyrir utan að vera upplýsingabréu séu íbúaráðin mikilvægur hlekkur í að efla félagsauð, samvinnu og grasróttarstarf innan hverfanna. Hverfistengd lýðræðisverkefni fara í gegnum íbúaráðin sem dæmi. Hún nefnir verkefnið „Hverfið mitt“ sérstaklega í því sambandi en þar fékk Breiðholtið 198 milljónir króna til ráðstöfunar á kjörtímabilinu. Verkefnið „Hverfið mitt“ snýst um að fá íbúa að koma inn með hugmyndir sem síðan er kosið um af hálfu íbúanna. „Mér finnst dýrmætt að gefa íbúum hverfanna tækifæri til gera hverfið sitt og umhverfi þess betri stað til að búa á. Sjá góðar hugmyndir fæðast og komast til framkvæmda eins og jólaljósir við Seljatjörn. Þar setti vaskur íbúi fram frábæra hugmynd, hún var kosin af hverfinu og sett í framkvæmd fyrir síðustu jól. Til viðbótar þessu var íbúaráðunum falið að úthluta úr hverfissjóðum Reykjavíkurborgar. Þar er um umtalsverða fjármuni að ræða og hafa gerbreytt umgjörð og möguleikum á að efla félagsauð og grasróttarverkefni í hverfinu.“

Stoltir Breiðhyllingar bjóða heim

„Íbúaráðið í Breiðholti fær árlega 2,7 milljónir framlag úr hverfissjóði og vegna Kóvid kom einnig nýtt verkefni til undið heitinu Borgin okkar og þar vorum við í Breiðholti með 4,5 milljónir sem tengdust sumarborginni,“ heldur Sara áfram. „Þetta eru því umtalsverðir fjármunir sem Breiðholt hefur fengið til ráðstöfunar síðustu þrjú árin þegar allt er dregið saman. Við höfum meðal annars nýtt þetta til þess að styrkja félagsstarfsemi í hverfinu. Þar má nefna hátíðahöld á 17. júní. Þessar hátíðir hafa verið eftirsóttar og fjölmennar bæði í Efra Breiðholti og einnig í Bakkahverfinu. Þar unnu foreldrafélögin í skólunum saman með íþróttafélögunum í hverfinu og buðu fjölmörgum nágrönnum sínum og borgarbúum heim í frábæra viðburði og upplifun. Margar hendur sjálfbóðaliða unnu saman að gera þessa hátíðir að veruleika fyrir okkur hin og fyrir það bera að þakka fyrir. Það er ekki sjálfsagt að fólk leggi svona mikla vinnu á sig til að gefa af sér fyrir okkur hin. Það segir mér að íbúar í Breiðholti eru stoltir af hverfinu sínu, þykir vænt um það og vilja bjóða heim. Svo eru líka mikil lífsgæði fólgin í því að geta gengið



Sara Björg Sigurðardóttir er formaður íbúaráðs Breiðholts og varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

eða hjólað með ungana sína, hitt nágranna og vini og átt góða stund saman innan síns hverfis. Íbúar hafa kallað lengi eftir viðburðum og afþreyingu og þarna small allt saman. Fyrir þetta ber að þakka fyrir.“

Fjárfestum áfram í félagsauði og sterkri grasrótt

Sara bendir á að foreldrafélög og skapandi íbúar hafa líka fengið stuðning í sínum störfum og einnig viðburðir í skólunum í hverfinu þar sjónum hefur verið beint að verkefnum fyrir börnin. Þar megi meðal annars nefna jólafondur og spilakvöld og margt fleira sem þau taka þátt í. Með þessu sé fyrst og fremst verið að efla félagsauð og fá fólk til að vinna saman. Efla grasróttina í hverfinu. Draga öflugt fólk fram, styðja og hvetja til góðra verkefna. „Íbúarnir þekkja hverfið sitt best og vita hvar styrkleikarnir liggja. Mér finnst magnað að hafa upplifað þá góðu mætingu og sterku samkennd sem hefur vaknað við 17. júní hátíðirnar. Þetta er að mestu unnið í sjálfbóðaliðastarfi sem vert er að þakka fyrir. Hér er öflugt fólk sem tók að sér að vinna að þessu. Fjármunirnir sem við höfum verið að fá til ráðstöfunar skipta einnig gríðarlega miklu máli til að styðja við verkefni af þessum toga. Þetta er eitt af því sem ég er stoltust af á þessu kjörtímabil. Þessi samvinna og samhyggð fólks. Samfylkingin vill halda áfram að fjárfesta í eflingu félagsauðs og fólki, við viljum

halda áfram að styrkja hverfin innan, skapa umgjörð fyrir betra nærsamfélag - stefnum á að halda þessu áfram fáum við nýtt umboð til þess eftir kosningarnar í vor.“

Lægri hámarkshraði minnkar slyshættu

Sara er mikil hjólreiðamanneskja. Hún segir gaman að sjá hvað margir eru farnir að hjóla, bæði sér til heilsubótar og sem samgöngumáta. Markviss uppbygging hjólastíga á síðustu átta árum hafi gjörbreytt sýn okkar á hjólreiðar. Að ekki sé talað um tilkomu rafmagnshjóla og rafhlaupahjóla. Hún segir að í nýsamþykktu hverfaskipulagi Breiðholts sé að finna skilgreinda hjólastíga um hverfið þvert og endilangt. „Með þeim er verið að leggja grunn að aukinni sjálfbærni. Breiðholt er vel hannað hverfi og mikilvægt fyrir okkur foreldrana að öruggar hjólaleiðir liggja innan hverfisins og milli hverfishluta. Á leið til skóla, í íþrótt- og tómstundastarf, að verslun og þjónustu og til annarra erinda. Þessu tengdu þá samþykktum við á kjörtímabilinu nýja hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur en þar var hraði innan Breiðholtsins lækkaður á nokkrum stöðum til að tryggja betur öryggi barna í hverfinu. Áætlunin er að koma í veg fyrir alvarleg slys á fólki í umferðinni þar sem ólíkir ferðamátar mætast verður blöndun ólíkra ferðamáta að vera á forsendum gangandi og hjólandi vegfarenda. Eitt skref í þá átt er að stuðla að lágum umferðarhraða við þær aðstæður enda ekkert eins mikilvægt eins og öryggi barna og gangandi í hverfinu okkar.“

Klárur Borgarlínu upp í Breiðholt

Sara segir að Breiðholtsbúar séu heppnir að búið sé að flýta komu Borgarlínunnar upp í Mjódd og Efra Breiðholt. Tilkoma Borgarlínunnar muni gerbreyta lífsgæðum þeirra sem búa í Breiðholti. „Fólk mun geta farið um hverfið á hjóli niður í Mjódd eða nýtt sér þjónustu Borgarlínunnar til þess að fara til annarra borgarluta. Hjólastígar og Borgarlína koma til með að vinna hvort með öðru. Fyrst við erum farið að ræða um fjölbreytta vistvæna ferðamáta vil ég benda á þá staðreynd að hjólreiðar eru ekki bara lýðheilsuátt heldur einnig loftslagsmál. Eitt stærsta verkefni okkar tíma og við verðum að horfa til.“

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

MJÓDDIN

Ekkert val um loftslagavána

Hvernig framtíðarborg viljum við fyrir börnin okkar spyr Sara sjálfa sig „Ég tel að fólk eigi að hafa val um fjölbreytta samgöngumáta og það er okkar í stjórnáttum að skapa það val en við höfum ekkert val með loftslagsvána. Þar verðum við að horfast í augu við staðreyndir þess vegna er uppbygging innan hverfanna svo misvæg. Skapa umgjörð til að íbúar geti nálgast nauðsynjar daglegs líf í nágrenninu. Ég held að mikilvægt sé að ná þjónustunni til baka. Að fólk geti valið um að skilja bílinn eftir heima og ganga eða hjóla eftir því sem vantar. Bíllinn verður alltaf til staðar en ég hygg að fólk fari að nota hann með öðrum hætti. Minna verði um að hann verði notaður til þess að fara til vinnu og með vaxandi samtengingu skóla, frístundastarfs og íþróttu megi draga úr skutli og styttri ferðum með börnin á milli staða eftir skóla.“

Reykjavík á réttri leið

Sara segir samgöngukostnað heimila vera næstan á eftir húsnæðiskostnaði. „Það munar miklu hvort fólk er með einn bíl á heimili, tvo eða vill lifa bíllausum lífstíl. Með vali um fjölbreytta ferðamáta geta fjölskyldur dregið úr samgöngukostnaði í heimilisbókhaldu. Þetta hangir saman við þéttingu byggðar. Með þéttingu byggðar skapast ný tækifæri fyrir fjárfestingar í hverfunum okkar. Fólksfækkun er snúin við með því að fá inn nýjar íbúðir, fleiri íbúa - fjölbreytt fólk og fjölskyldur. Hópa sem nýta innviði sem fyrir eru innan hverfanna en á sama tíma skapa grundvöll fyrir frekari þjónustu í blandaðri byggð. Íbúar halda uppi þjónustu, atvinnulíf dafnar og dregur að sér enn þá meiri fjárfestingu. Forsendur skapast fyrir hágæða almenningssamgöngur eins og Borgarlínu. Þetta helst í hendur, íbúar, þjónusta og vistvænir fjölbreyttir ferðamátar. Byggðin var þanin út eftir 1960 og því fylgja ýmsir ókostir. Ekki síst í samgöngum. Hugmyndir um stórauðna útþenslu og dreifingu byggðar í Reykjavík ganga gegn þessari hugmyndafræði. Íbúar í Reykjavík þurfa að vita að ekki er hægt að setja tug milljarða

í gróin hverfi samhliða því að leggja tug milljarða í ný hverfi frá grunni. Það eru ekki til neinar „ódyrar lóðir“ eins og sumir tala um. Lóðir í nýjum hverfum í útjaðri borgarinnar auka kostnað allra sem búa í borginni. Þær nýta ekki fyrirbyggjandi innviði og eru mun dýrari, bæði til lengri og skemmri tíma. Mér finnst Reykjavík vera á réttri leið.“

Hækkum frístundakortið í 75 þúsund – Jöfnum tækifæri barna

Við stoppuðum aðeins við fjölmennunguna sem hefur verið að þróast í Breiðholti. Sara segir eftir að hafa búið í þremur löndum hafi áhugi sinn á ólíkri menningu vaxið. Hún segir að fjölbreytileikinn í Breiðholti skipti miklu máli. „Við búum hér við mikinn mannauð en þurfum líka að hlú að þessum margbreytilega hóp sem hefur valið að búa hér. Samfylkingin leiddi á kjörtímabilinu þriggja ára tilraunaverkefni sem gengur út á að hækka frístundakortið um 30 þúsund krónur fyrir krakka í fyrsta og öðrum bekk. Nú fer fram markviss kynning á íþróttu- og frístundastarfi sem er sameiginlegt verkefni þjónustumiðstöðvar Breiðholts, grunnskólanna og íþróttu- og frístundaaðila í hverfinu í náinni samvinnu við samtök íbúa af erlendum uppruna. Þessu var ýtt til að ná til sem flestra, sérstaklega þeirra sem eru ekki virk í frístundastarfi en um 200 börn hafa fengið stuðning í þessu mikilvæga verkefni.“ Samfylkingin vill betri borg fyrir börn. Við ætlum að hækka frístundastyrkinn í 75 þúsund krónur og 100 þúsund fyrir tekjulægri fjölskyldur. Þannig jöfnum við tækifærin fyrir börnin í borginni enn betur. Hærra frístundastyrkur er ein leið í því. Nýr stuðnings- og styrktarsjóður, sem við í Samfylkingunni viljum koma á fyrir öll hverfi borgarinnar, mun fá vannýtt fé frístundarkortsins með að markmiði að auka tækifæri og möguleika fleiri barna og fjölskyldna þeirra innan hverfanna.

Ríkistjórnin hunsar börn af erlendum uppruna

„Í þessu sambandi get ég ekki látið hjá líða að minnst á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það vita ekki allir borgarbúar að Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið í landinu þar sem skólabörn og börn af erlendum uppruna fá nýll krónur í framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þetta er sorgleg staðreynd og mikið ójafnrétti sem felst í þessari mismunun á börnum á grundvelli búsetu og uppruna sem er ábyrgð stjórnáttamanna sem fara fyrir málefnum barna og sveitarstjórnarmála á landinu. Þetta er látið viðhafa þrátt fyrir að reykvískir launþegar borgi lang mest í sjóðinn, bæði með útsvari sínu og tekjuskatti en í sjóðinn rennur hluti útsvarstekna sveitarfélaga auk móttframlags úr ríkissjóði.“ Sara segir að í greinargerð með fjárhagsáætlun borgarinnar 2021 komi fram að Reykjavíkurborg muni greiða rúmlega 50 milljarða í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á næsta kjörtímabili í formi útsvars. „Á sama tímabili fær borgin tæpa 27 milljarða úr sjóðnum en langstærsti hluti er framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda. Greiðsla Reykjavíkurborgar inn í sjóðinn umfram framlög eru tæplega 24 milljarðar og munar það mestu um að borgin fær ekki framlag til grunnskólanna. Það er staðreynd að börnum með annað móðurmál en íslensku hefur línulega fjölgað í leik- og grunnskólum borgarinnar síðustu sex árin. Hvergi á Íslandi er fjölbreyttari samsetning íbúa en í hverfinu okkar, Breiðholti. Þegar horft er á fjölgun barna yfir síðasta kjörtímabil í grunnskólum borgarinnar hefur þeim fjölgað úr rúmlega 2.200 yfir í tæplega 3.000 börn á árinu 2021.“

Verða af 390 milljónum fyrir árið 2021

Sara heldur áfram að ræða um Jöfnunarsjóð. Þegar tölurnar eru reiknaðar upp þá greiðir Jöfnunarsjóður um 130 þúsund krónur með börnum allra annarra sveitarfélaga en Reykjavík og því verða börn af erlendum uppruna búsett

í Reykjavík af tæplega 390 milljónum króna bara fyrir árið 2021. Umreiknað á heilt kjörtímabil erum við að tala um rúmlega 1,4 milljarð króna sem börn af erlendum uppruna hafa verið sniðgengin um og fjölmennasti hópurinn býr í hverfinu okkar - Breiðholti. Svímandi háar fjárhæðir sem hefðu gagnast við íslenskukennslu, margvíslegum stuðningi í leik- og grunnskólum sem og frístundastarfi þessara barna. Það er algerlega ótækt að stjórnáttalokkar mismuni börnum á grundvelli búsetu og uppruna eins og gert er í dag.“

Framlög til íslenskukennslu hækkuð um tæpan helming

„Við í Samfylkingunni settum í kosningastefnu okkar árið 2018 aðgerðaáætlun í málefnum barna með annað móðurmál en íslensku og hún er komin í framkvæmd. Með henni var lögð rík áhersla á að jafna tækifæri þessara barna og jafnaldrar þeirra til menntunar enda er íslensku færni grundvallaratriði varðandi lýðræðislega þátttöku, jafnrétti í skóla- og frístundastarfi og samfélaginu öllu. Framlög til íslenskukennslu voru hækkuð um tæpan helming eða 143 milljónir á ári eða 429 milljónir króna alls. Samfylkingin mismunar ekki börnum út frá uppruna og búsetu eins og Framsóknarflokkurinn gerir. Fáum við skýrt umboð frá borgarbúum í kosningunum 14. maí n.k. munum við áfram forgangsraða í þágu barna með annað móðurmál en íslensku enda ekkert eins mikilvægt og að tryggja börnum jöfn tækifæri til menntunar.“

Breiðholt framtíðar

„Ég er stolt af því að tilheyra því frábæra samfélagi sem er í Breiðholti og mögnuðum félagsauð sem finnst í hverfinu okkar. Uppbygging síðustu ára mun ekki bara styrkja hverfið enn frekar, heldur skapa Breiðholt framtíðar fyrir komandi kynslóðir. Reykjavík er á réttri leið,“ segir Sara Björg Sigurðardóttir að lokum.

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndis Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jónn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur
fasteignasali

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Málþing um kosningar og lýðræði



Nauðsyn að sem flestir nýti kosningarétt sinn.

Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar stóð fyrir opnu málþingi á ensku í Gerðubergi laugardaginn 23. apríl sl. þar sem fjallað var um kosningar og lýðræði. Frummælendur á málþinginu voru Eliza Reid forsetafrú, Sabit Veselaj, Marion Poilvez, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir og Sabine Leskopf formaður fjölmenningarráðs.

Tilgangur málþingsins var að minna á að Ísland sé lýðræðisríki þar sem borgarþátttakendur hafa rétt til þess að fara með valdið fyrir sína hönd yfir tiltekið tímabil. Forsenda þess sé að fólk taki þátt í kosningum. Samfélagið sé eitthvað sem allir eiga að taka þátt í að móta og byggja upp. Margt fólk af erlendum uppruna býr í Breiðholti sem sumt kemur frá samfélögum þar sem lýðræði er með öðrum hætti en hér eða jafnvel ekkert. Á málþinginu var lögð áhersla á að ef ákveðnir hópar í samfélaginu noti ekki kosningarétt sé hætta á því að hagsmunir þeirra fái minni athygli en annarra.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188

Opið félagsstarf í Breiðholti á vegum borgarinnar

- leitast við að virkja frumkvæði og áhuga hvers og eins

Þekkt er að virk þátttaka í félagsstarfi dregur úr einangrun, lífgar upp á daginn og getur sannarlega stuðlað að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði og velliðan. Á vegum Reykjavíkurborgar er starfrækt félagsstarf fyrir fullorðna á 17 stöðum vítt og breitt um borgina, þar af á þremur stöðum í Breiðholti; í Árskógum, Gerðubergi og Seljahlíð. Umsjón með félagsstarfinu hafa þau Anna Kristín í Árskógum, Álfhildur í Gerðubergi og Tómas Helgi í Seljahlíð. Segja þau félagsstarfið vera vettvang samfunda, félagslegra samskipta og skapandi athafna. Að leitast sé við að virkja frumkvæði og áhuga hvers og eins. Þau taka sérstaklega fram, að félagsstarfið sé opið öllum, að allir séu velkomnir. Þá segja þau heilsuefingu vera nokkurs konar leiðarstef í starfsemi. Það fylgi því mikil forvörn að taka þátt í félagsstarfi. „Gaman væri“, segja þau enn fremur „að félagsstarfið endurspegladi hina fjölbreyttu íbúafloðu í Breiðholti“. Hægt er að kaupa hádegisverð á öllum þessum stöðum og kaffiveitingar. Framboð er breytilegt milli staðanna þriggja og fólk getur farið á milli eftir áhuga og dagskrá hverju sinni.

Anna Kristín segir ýmislegt vera í boði í félagsstarfinu Árskógum. „Við erum með smíðastofu með leiðbeinanda, leikfimi, samsöng, bridge, félagsvist, pílukast, pútt, handavinnu og margt fleira. Við leggjum mikið upp úr valdefingu og hugmyndavinnu svo allir fái notið sín. Ef þú ert með hugmynd að einhverri tómsund, viðburði eða samveru að þá erum við sennilega með húsnæði fyrir það. Ég hvet fólk eindregið til að kíkja við og heilsa upp á okkur hér í félagsmiðstöðinni Árskógum“. segir Anna Kristín.



Súmba-dansleikfimi í Fjölskyldumiðstöðinni Gerðubergi.

Matjurtakassar til eigin ræktunar

Álfhildur tekur í sama streng og Anna Kristín. „Í félagsstarfi Fjölskyldumiðstöðvar Gerðubergs er grunnmarkmiðið með félagsstarfinu að skapa fjölbreytilegt umhverfi og jákvæðan vettvang, þar sem flestir geta fundið farveg til frumkvæðis og sjálfstæðra athafna. Í félagsstarfinu er að finna hefðbundna og fasta dagskrárliði, eins og opna handavinnustofu, hreyfingu/leikfimi, dans, myndlist, félagsvist bókband, kórstarf, sem og tilfallandi uppákomur og námskeið. Þess má geta, að nú er í undirbúningi bæði vorgeði og vorferðalag. Núna á vordögum getur fólk komið og fengið matjurtakassa til eigin ræktunar sér að kostnaðarlausu. Um miðjan maí hefst alveg geggjáð leikfimi- og gönguprógramm hjá okkur, undir handleiðslu fagfólks, sem verður tvisvar í viku fram eftir sumri. Þá hafa sjálfstæðir hópar aðstöðu hér í Gerðubergi fyrir sín hugðarefni. Það er alltaf eitthvað skemmtilegt í gangi“.

Gott start í kaffikarlahóp

Tómas Helgi vill koma því á framfæri, að í Seljahlíð sé starfrækt gríðarlega vinsælt félagsstarf, sem er opið öllum Reykvikingum, ekki bara íbúum og nágroñnum í Hjallaselinu. „Að sjálfsögðu eru allir velkomnir. Hjá okkur er góð virkni, má nefna leirmótun, leikfimi sem er fjórum sinnum í viku. Við höfum opna vinnustofu alla virka daga, þar sem er þrjónað, málað, spilað og fleira. Við erum líka að leggja svolitla áherslu á að ná til karlanna, þeir eru oft tregari en konur að leita sér félagskapar eftir starfslok. Við viljum svo gjarnan reyna að draga hinn „íslenska karlmann“ út úr skel sinni“ segir Tómas brosandí, „og við erum alveg komin með gott start í kaffikarlahóp“.

Að lokum segjast þau þremmenningarnir hlakka til skemmtilegs sumars í félagsstarfinu, þegar mannlífið fer að blómstra og Breiðholtið að skarta sínu feðursta.

Álfhildur Hallgríms.



AS WE GROW
ASWEGROW.IS



UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



ERUM FLUTT Á KLAPPARSTÍG 29

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

xsreykjavik.is



Reykjavík á réttri leið

XS

Minum á kosningakaffi í lönó frá kl. 14 á kjördag.
Heitt á könnunni og öll velkomin.

Dóri lokar í Mjóddinni



Dóri að störfum í Mjóddinni á meðan var og hét.

Hjá Dóra hefur verið vinsæll matsölustaður í Mjóddinni í áranna rás. Þar hefur verið lögð áhersla á heimildamat sem fólk hefur hvort sem geta borðað á staðnum eða tekið mér sér. Opið hefur verið í hádeginu og aftur síðdegis þar sem margir áttu leið úr vinnu hafa vanið komur sínar.

Nú hefur þessum vinsæla stað verið lokað vegna þess að Nettó verslun Samkaupa taldi sig þurfa að nýta það pláss sem Dóri hefur haft til umráða. Síðasti starfsdagur Dóra og hans fólks var föstudaginn 29. apríl og mættu bæði Breiðhlytingar og aðrir til að njóta veitina. Ekki liggur fyrir hvort og þá hvar Dóri muni opna að nýju en eitt er víst að margir munu sakna hans úr Mjóddinni.

Arnarbakki og Völvufell

Deiliskipulag tilbúið fyrir um 300 íbúðir

Deiliskipulag vegna fyrirhugaðra framkvæmdareita við Arnarbakka í Bakkahverfi og Eddufell og Völvufell í Efra Breiðholti er nú tilbúið. Því má búast við að farið verði að undirbúa að efna til framkvæmda á þessum tveimur endurbyggingarsvæðum í Breiðholti. Þegar er búið að loka verslun Iceland við Arnarbakka en fjarlægja á gömlu þjónustubyggingarnar af lóðinni til að rýma fyrir nýjum framkvæmdum.

Við Arnarbakka gert ráð fyrir allt að 150 íbúðum og er sérstaklega tekið fram að þar á meðal verði nemendaíbúðir. Einnig er gert ráð fyrir að þjónusturými verði aukið sem er liður í að endurheimta sem fjölbreyttasta þjónustu í hverfiskjarnana sem hafa látið verulega á sjá á undanförunum árum. Við Eddufell og Völvufell er einnig ætlunin að byggja um 150 íbúðir sem er mikil fjölgun frá fyrri hugmyndum sem gerðu ráð fyrir að 50 íbúðir yrðu byggðar. Þá er einnig ætlunin að efla þjónustu í hverfiskjarnanum á ný. Með þessu er fyrirhugað að



Arnarbakkasvæðið eins og það lítur út í dag. Þessi hús munu víkja fyrir nýbyggingum fyrir íbúa og þjónustustarfsemi.

byggja allt að 300 íbúðir á þessum stöðum sem hafa legið undir niðurníðslu. Næstu skref verða að

hanna framkvæmdir og leita eftir framkvæmdaaðilum.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

Vissir þú að í Breiðholti eru starfræktir búsetukjarnar á vegum Reykjavíkurborgar þar sem veitt er þjónusta fyrir fólk með fötlun?

Nú er opið fyrir umsóknir um sumarstarf á þessum stöðum. Um er að ræða frábært tækifæri til þess að eiga skemmtilegt og þroskandi sumar.

Pungamiðja starfsins er að styðja einstaklinga við athafnir daglegs lífs, stuðla að auknu sjálfstæði og auka lífsgæði.

Ef þig langar í fjölbreytta vinnu þar sem þú getur haft bein jákvæð áhrif á líðan einstaklinga og á sama tíma upplifað að þitt starf skiptir máli – þá er þetta starfið fyrir þig!

Við viljum fá fjölbreyttan hóp á öllum aldri til vinnu.

Hægt að sækja um starfið hér: <https://jobs.50skills.com/reykjavik/is/13209>

Senda má fyrirspurn á þetta netfang: Lara.Sigrnidur.Baldursdottir@reykjavik.is eða hringja í Þjónustumiðstöð Breiðholts 4111300



Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Breiðholts

Breiðholt



REYKJAVÍK
fyrir okkur öll



Íbúðir byggðar af borginni

Verið velkomin í kosningakaffi í VG Portið
Bankastræti 2 á kjördag frá 12-17

Vantar þig skul á kjörstað?
Hringdu þá í síma 893-7861

Kynnið ykkur stefnuna
Read the manifesto
Przeczytaj deklarację programu
x22.vg.is



XV
14. maí

Breidholt

Borgarstjórnarkosningar fara fram laugardaginn 14. maí 2022. Kjörstaðir í Reykjavík eru opnir kl. 9:00–22:00.

11 framboðslistar eru í kjöri. [Listana má finna hér:](https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022)
<https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022>

Allir sem hafa íslenska ríkisborgarétt og eru 18 ára og eldri eiga rétt að kjósa til borgarstjórnar.

Kosningarréttur erlendra ríkisborgara búsettra á Íslandi er rýmkaður verulega. Norrænir ríkisborgarar öðlast kosningarrétt og kjörgengi þegar þeir skrá búsetu í sveitarfélagi. Aðrir erlendir ríkisborgarar öðlast kosningarrétt og kjörgengi eftir þriggja ára samfellda búsetu á Íslandi, að öðrum skilyrðum um kosningarrétt uppfylltum, sbr. 4. gr. kosningalaga.

Hvernig kys ég?

- Þú þarft að finna þinn kjörstað. Þú getur farið inn á þessa síðu og athuga með kt. þinni hvar þú getur kosið. Slóðin: [Hvar á ég að kjósa? | Þjóðskrá \(skra.is\)](https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/): <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>
- Þú þarft að hafa skilríki þín með þér meðferðis, vegabréf eða ökuskírteinið. Þú synir skilríki á staðnum og þá afhendir þér embættismaður kosningablaðið sem inniheldur alla flokka með nöfn yfir fulltrúum í þínu kjördæmi.
- Þú fær síðan að fara í klefa sem er lokaður og velja þann flokk sem þú vilt kjósa. Á blaðinu muntu sjá alla flokka með sinn bókstaf og lista með nöfnum fulltrúum þeirra. Leyfðu þér að fara yfir flokkana og fulltrúana þeirra og setjið einn X fyrir framan þann bókstaf (sem hver flokkur á) sem þér líkar best við. Þú mátt einnig skila auðu.
- Síðan gengur þú út úr kjörklefa og setur blaðið inn í box sem er yfirleitt staðsett fyrir fram borð embættismanna.

[Upplýsingar um önnur sveitafélög má finna á heimasíðu viðkomandi sveitafélags.](#)

City council elections will take place on Saturday 14 May 2022. Polling stations in Reykjavík are open at 9:00–22:00.

11 candidate lists are up for election. [The list can be found here:](https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022)
<https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022>

Everyone who has Icelandic citizenship and is 18 years and older has the right to vote in the elections for the city council.

The voting rights of foreign nationals residing in Iceland have been significantly expanded. Nordic citizens gain the right to vote and stand for election when registering for residence in a municipality. Other foreign citizens acquire the right to vote and stand for election after three years of continuous residence in Iceland, provided that other conditions for the right to vote are met, cf. Article 4 electoral law.

Who do I choose?

- You need to find your polling place. You can go to this page and check with your ID where you can vote. The URL: [Hvar á ég að kjósa? | Þjóðskrá \(skra.is\)](https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/): <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>
- You need to bring your ID, passport or driver's license with you. You will hand in your ID on the spot and then an official will hand you the ballot paper containing all the parties with the names of the representatives in your constituency.
- You will then be able to go to a closed cell and select the party you want to vote for. On the ballot paper you will see all the categories with their letter and a list with the names of their representatives. Allow yourself to go over the categories and their representatives and put one X in front of the letter (which each category belongs to) that you like best. You can also return blank.
- Then you walk out of the polling station and put the paper in a box that is usually located in front of the officials' table.

[Information about other municipalities can be found on the website of the municipality in question.](#)

Wybory samorządowe odbędą się w sobotę 14 maja 2022. Lokale wyborcze w Reykjavíku będą otwarte w godzinach 9:00-22:00.

Jest 11 list wyborczych. Tu można je znaleźć : [Listana má finna hér:](https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022)
<https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022>

Wszyscy posiadający islandzkie obywatelstwo, którzy ukończyli 18 rok życia, mają prawo głosowania w wyborach samorządowych.

Prawa wyborcze obywateli obcego pochodzenia mieszkających na Islandii są zróżnicowane. Obywatele krajów północnych nabywają prawa wyborcze kiedy meldują się w danej gminie. Pozostali obcokrajowcy uzyskują prawa wyborcze po 3 latach nieprzerwanego zameldowania na Islandii pod warunkiem spełnienia pozostałych warunków prawa głosu (por. art. 4 prawo wyborcze).

Jak mam głosować?

- Musisz znaleźć swój lokal wyborczy. Można to zrobić wpisując swoją kannitalę na stronie [Hvar á ég að kjósa? | Þjóðskrá \(skra.is\)](https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/): <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>
- Musisz mieć przy sobie dowód tożsamości, paszport lub prawo jazdy. Po okazaniu dowodu tożsamości w lokalu wyborczym, członek komisji wyborczej wręczy ci kartę do głosowania, zawierającą wszystkie partie oraz nazwiska kandydatów w twoim okręgu.
- Następnie udajesz się do zamkniętej kabiny i wybierasz partię, na którą chcesz zagłosować. Na karcie do głosowania znajdują się wszystkie partie z przypisaną im literą oraz nazwiskami ich reprezentantów. Poświęć czas na zapoznanie się z partiami i ich reprezentantami i postaw X przy literze partii (przypisanej danej partii), na którą chcesz zagłosować. Możesz też oddać pustą kartę (głos nieważny).
- Potem należy wyjść z kabiny do głosowania i wrzucić kartę do urny wyborczej umiejscowionej zazwyczaj przed stołem komisji wyborczej.

[Informacje o innych gminach można znaleźć na stronie internetowej danej gminy.](#)

Alegerile municipale au loc sâmbătă, 14 mai 2022. Secțiile de votare din Reykjavík sunt deschise între orele 9:00-22:00.

Sunt 11 liste de candidați în electorat. [Lista poate fi găsită aici:](https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022)
<https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022>

Orice persoană care are cetățenie islandeză și are vârsta de 18 ani sau mai mult are dreptul de a vota pentru alegerile municipale.

Dreptul de vot pentru cetățenii străini care locuiesc în Islanda a fost extins semnificativ. Cetățenii nordici sunt eligibili să voteze și să candideze după ce își înregistrează reședința într-o municipalitate. Alți cetățeni străini au drept de vot și de a candida după trei ani de ședere continuă în Islanda, sub rezerva altor condiții privind drepturile de vot, cf. Articolului 4 a legii electorale.

Pentru cine votez?

- Trebuie să găsiți în primul rând secția de votare la care puteți vota. Puteți accesa această pagină și verificați cu kt. unde puteți vota. Adresa URL: [Unde ar trebui să votez | Registrul Național \(skra.is\)](https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/): <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>
- Trebuie aduceți cu dv. actul de identitate, pașaportul sau permisul de conducere. Va trebui să prezentați actul de identitate după care primiți un buletin de vot care include toate partidele cu numele candidaților din municipalitatea dumneavoastră.
- Veti fi apoi directionat către o cabina de vot care este închisă, urmand ca apoi să alegeți partidul pe care doriți să-l votați. Pe buletin veți vedea toate partidele marcate cu inițialele lor și o listă cu numele candidaților fiecărui partid. Acordați-vă timp să revizuiți partidele și candidații lor și apoi marcați cu un X în fața inițialei (pe care o deține fiecare partid) pe care alegeți să-l votați. De asemenea, puteți să lasați buletinul de vot gol.
- Apoi ieșiți din cabina de vot și introduceți buletinul de vot într-o urna care care se află de obicei în fața mesei operatorilor biroului electoral.

[Informații privind alte municipalități pot fi găsite pe site-ul web al municipalității relevante.](#)



Breidholt

Las elecciones municipales se llevarán a cabo el sábado 14 de mayo de 2022. Los colegios electorales en Reykjavík están abiertos de 9:00–22:00.

Hay 11 listas de candidatos para las elecciones. [Las listas se encuentran aquí](https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022): <https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022>

Toda persona que tenga ciudadanía islandesa y 18 años o más tiene derecho a votar por el Concejo Municipal.

Los derechos de voto de los ciudadanos extranjeros que residen en Islandia se han ampliado significativamente. Los ciudadanos nórdicos adquieren el derecho a votar cuando se registran para residir en un municipio. Otros ciudadanos extranjeros después de tres años de residencia continua en Islandia, siempre que se cumplan otras condiciones para el derecho de voto, cf. Artículo 4 ley electoral.

¿Cómo puedo votar?

- Necesita encontrar su colegio electoral, para ello consulte esta página usando su kennitala: [¿Dónde debo votar? | Registro Nacional \(skra.is\)](https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/): <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>
- Necesita traer un documento de identificación, pasaporte o licencia de conducir. Muestre su identificación y un funcionario le entregará la papeleta con el nombre de los partidos y de los candidatos a su municipio.
- Luego podrá ir a una casilla cerrada y seleccionar el partido por el que desea votar. En la papeleta verá todos los nombres de los partidos con su letra asociada y una lista con los nombres de sus representantes. Ponga una X delante de la letra correspondiente al partido que desee elegir. También puede devolver la papeleta en blanco.
- Por último salga de la casilla e introduzca la papeleta en la caja que generalmente se encuentra frente a la mesa de los funcionarios.

La información sobre otros municipios se puede encontrar en el sitio web [del municipio en cuestión](#).

Zgjedhjet komunale (zgjedhjet për këshillin bashkiak) do të mbahen të shtunën më 14 maj 2022. Qendrat e votimit në Reykjavík janë të hapura nga ora 9:00–22:00.

Në këto zgjedhje marrin pjesë 11 parti politike me listat e kandidatëve të tyre. Listat mund të gjenden në linkun: [Listana má finna hér](https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022): <https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022>

Çdo person që ka nënshtetësi islandeze dhe ka moshën 18 vjeç e lart ka të drejtë të votojë në zgjedhjet komunale (bashkiake).

Të drejtat e shtetasve të huaj që banojnë në Islandë, për të votuar, janë zgjeruar ndjeshëm. Qytetarët e vendeve nordike fitojnë të drejtën për të votuar dhe për t'u zgjedhur kur regjistrohen për vendbanim në një komunë në Islandë. Shtetasit tjerë të huaj fitojnë të drejtën për të votuar dhe për t'u zgjedhur pas tre vitesh qëndrimi të pandërprerë në Islandë, me kusht që të plotësohen kushtet tjera për të drejtën e votës, sipas nenit 4 të ligjit zgjedhor.

Si të votoj?

- Ju duhet të gjeni qendrën tuaj të votimit. Mund të vizitoni linkun e poshtëshënuar dhe të kontrolloni se ku mund të votoni. Vendosni numrin tuaj personal (kennitala) dhe do të ju shfaqet vendi se ku mund të votoni.
Linku: [Hvar á ég að kjósa? | Þjóðskrá \(skra.is\)](https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/): <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>
- Ju duhet të keni me vete dokument identifikues, letërnjoftimin, pasaportën ose patentën e shoferit. Ju duhet ta dorëzoni dokumentin identifikues në hyrje të vendvotimit dhe më pas një zyrtar i zgjedhjeve, pas verifikimit tuaj në listën zgjedhore, do t'ju dorëzojë fletën e votimit e cila përmban të gjitha partitë politike me emrat e përfaqësuesve (kandidatëve) të zonës tuaj zgjedhore.
- Më pas ju mund të shkoni në hapësirën e mbyllur në qendrën e votimit dhe aty zgjedhni partinë për të cilën dëshironi të votoni. Në listë janë shënuar të gjitha partitë politike me shkronjat (simbolet) e tyre dhe listën me emrat e përfaqësuesve (kandidatëve) të tyre. Jepni kohë vetes që të shikoni të gjitha partitë politike dhe kandidatët e tyre që janë në listë dhe vendosni X, vetëm para shkronjës së partisë për të cilën ju dëshironi të votoni. Ju gjithashtu mund të ktheni fletëvotimin pa shënuar asgjë (zbrazur/bosh).
- Pastaj dilni nga hapësira e mbyllur dhe e vendosni fletëvotimin në kutinë e votimit, që zakonisht vendoset para tryezës/tavolinës së zyrtarëve (komisionerëve) të zgjedhjeve.

Informacionet për komunat tjera mund të gjenden në faqen e internetit të komunës në fjalë.

انتخابات مجلس المدينة

ستجرى انتخابات مجلس المدينة يوم السبت 14 مايو 2022. وستكون مراكز الاقتراع في ريكيافيك مفتوحة من الساعة 9:00 - 22:00.

11 قائمة مرشحة للانتخابات ويمكن العثور عليها هنا [Listana má finna hér](https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022). <https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022>

لكل شخص يحمل الجنسية الأيسلندية ويبلغ من العمر 18 عامًا فما فوق له الحق في التصويت في انتخابات مجلس المدينة، تم توسيع حقوق التصويت للمواطنين الأجانب المقيمين في أيسلندا بشكل كبير.

يحصل مواطنو بلدان الشمال الأوروبي على حق التصويت والترشح للانتخابات عند التسجيل والإقامة في البلدية.

يتمتع الرعايا الأجانب الآخرون بالحق في التصويت والترشح للانتخابات بعد ثلاث سنوات من الإقامة المستمرة في أيسلندا، بشرط استيفاء الشروط الأخرى للحق في التصويت، راجع المادة 4 قانون الانتخاب.

من أختار؟

- أنت بحاجة إلى معرفة مركز الاقتراع الخاص بك، ويمكنك الذهاب إلى هذه الصفحة والتحقق من الهوية. الخاص بك حيث يمكنك التصويت [Hvar á ég að kjósa?](https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/) [| Þjóðskrá \(skra.is\)](https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/) <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>
- يتعين عليك إحضار بطاقة الهوية أو جواز السفر أو رخصة القيادة معك وتسليمها إلى المسؤول ومن ثم يقوم بتسليمك ورقة الاقتراع التي تحتوي على جميع الأحزاب مع أسماء المرشحين في دائرتك الانتخابية.
- ستتمكن بعد ذلك من الانتقال إلى غرفة مغلقة وتحديد الحزب الذي تريد التصويت له. سترى في اللائحة جميع الفئات بأحرفها وقائمة بأسماء ممثليها. اسمح لنفسك بالانتقال إلى الأحزاب وممثليها ووضع علامة X أمام الحزب الذي تفضله (الذي ينتمي إليه كل مرشح). يمكنك أيضا وضع الورقة فارغة.
- ثم تخرج من مركز الاقتراع وتضع الورقة في صندوق يوجد عادة أمام طاولة المسؤولين.

يمكن العثور على معلومات حول البلديات الأخرى على الموقع الإلكتروني للبلدية المعنية.

ประกาศ

เนื่องจากวันที่ 14 พฤษภาคม 2565

นี่จะเป็นวันเลือกตั้งผู้ว่าราชการจังหวัดเมืองเรคยาวิก

โดยหน่วยเลือกตั้งจะเปิดทำการตั้งแต่วันที่ 09:00- 22:00 น.

ในวันเดียวกัน

ผู้สมัครทั้งสิ้นจาก 11 พรรค รายชื่อของผู้สมัครอยู่ในลิงค์ข้างล่างนี้

<https://reykjavik.is/kosningar/frambodslistar-2022>

ทุกคนที่มีอายุครบ 18

ปีขึ้นไปและถือสัญชาติไอซ์แลนด์คือเป็นผู้ที่มีสิทธิ์เลือกตั้งตามกฎหมาย

สำหรับผู้ถือสัญชาติอื่นๆได้มีการขยายสิทธิ์เพิ่มขึ้นอย่างกว้างขวาง

สำหรับผู้ถือสัญชาติอื่นๆได้มีการขยายสิทธิ์เพิ่มขึ้นอย่างกว้างขวาง

เช่นประชากรของประเทศทางยุโรปเหนือ

ได้รับสิทธิ์เลือกตั้งทันทีเมื่อแจ้งชื่อลงทะเบียนบ้านในเมืองนั้นๆ

ประชากรจากประเทศอื่นๆที่จะได้รับสิทธิ์เลือกตั้งก็ต่อเมื่อได้อาศัยอยู่ในไอซ์แลนด์ครบ 3 ปี

ตามกฎหมายการเลือกตั้งข้อที่ 4

วิธีการลงคะแนนเสียง

- ค้นหาหน่วยเลือกตั้งด้วยการเข้าไปกรอกหมายเลขประจำตัว หรือ ค้นหาจาก <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>
- กรณานำพาสปอร์ตหรือใบขับขี่รถยนต์ไปแสดงต่อเจ้าหน้าที่คุมหน่วยเลือกตั้งตอนไปเลือกตั้ง จากนั้นคุณจะได้รับบัตรเลือกตั้งที่มีรายชื่อของผู้สมัครจากทุกพรรคในเขตสิทธิ์เลือกตั้งของคุณ
- จากนั้นก็เข้าไปในคู่มเลือกตั้งที่ปิดอย่างมิดชิด ตรวจสอบรายชื่อของผู้สมัครของพรรคที่คุณพอใจ ซึ่งในบัตรเลือกตั้งนั้นจะมีรายชื่อผู้สมัครจากทุกพรรค จากนั้นให้กา x ข้างหน้าอักษรย่อของพรรคคนหนึ่งที่คุณสนใจจะเลือก
- จากนั้นให้นำบัตรเลือกตั้งมาหย่อนในตู้รับคะแนนเสียง ซึ่งส่วนใหญ่จะอยู่ด้านหน้าคู่มคะแนนพร้อมกับจะมีเจ้าหน้าที่ยืนคุมตู้รับคะแนนเสียงอยู่ข้างๆ ถือว่าเป็นการเสร็จสิ้นการลงคะแนนเสียง

[รายละเอียดของหน่วยเลือกตั้งเมืองอื่นๆ สามารถค้นหาได้ในเว็บไซต์หลักของเมืองนั้นๆ](#)



Börnin frædd um álfabyggðir



Tanja Bjarnadóttir fór á milli frístundaheimilanna og leiðbeindi börnunum í að fönðra álfahús og álfa.

Börnin á frístundaheimilum Breiðholts hafa í vetur unnið að verkefninu Álfabyggð undir handleiðslu Tönju Bjarnadóttur sem er í sérverkefnum hjá frístundaheimilunum tengt sköpun og útinámi.

Tanja fór á milli frístundaheimilanna og leiðbeindi börnunum í að fönðra álfahús og álfa. Efniviðurinn sem notaður var í álfahúsin var að langmestu leyti eitthvað sem annars hefði verið hent, svo sem afgangspappi, plastumbúðir og þvíumlíkt. Verkefnið var öðrum þræði hugsað til að auka á myndunarafl barnanna og kenna þeim að nýta allan efnivið sem fellur til á frístundaheimilunum.

Afraksturinn var svo sýndur í Fella og Hólakirkju í tengslum við barnamenningarhátíð 2022 og var virkilega gaman að sjá hversu fjölbreytt og skemmtileg álfabyggð reis þar.

Samfestingurinn og sumarstarf félagsmiðstöðvanna í Breiðholti



4000 unglingar skemmtu sér á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Það er mikið um að vera í félagsmiðstöðvunum í Breiðholti þessa dagana. Í lok apríl fóru allar félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti á Samfestinginn. Samfestingurinn er unglingaball og söngkeppni allra félagsmiðstöðva á Íslandi.

Á föstudeginum hittust hátt í 4000 og skemmtu sér saman fram á kvöld undir tónum glæsilegra listamanna. Á laugardeginum var síðan Söngkeppni Samfés en í ár voru tveir glæsilegir fulltrúar frá Breiðholti sem tóku þátt og stóðu sig með miklum sóma. Unglingarnir í Breiðholti voru til mikillar fyrirmyndar báða þessa daga og voru þau mörg hver í skjúnunum með Samfestinginn.

Þessa dagana eru félagsmiðstöðvarnar að skipuleggja sumarstarfið. Við verðum með skemmtilegar og fjölbreyttar sumarsmiðjur fyrir börn fædd 2009 til 2011 frá 9. júní til 22. júlí. Allir foreldrar og forráðamenn ættu að vera búin að fá póst á mentor með dagskrá og verðskrá en þið getið skráð ykkar barn inná fristund.is. Skráning hefst 4. maí og mælum við með að fólk skrái börn sín sem fyrst en vinsælustu dagarnir eru venjulega fljótir að fyllast. Við verðum líka með sumaropnanir í félagsmiðstöðvunum fyrir unglíngana sem eru að klára 8. til 10. bekk sem við munum auglýsa betur síðar.

Kjósum Breiðhyllting í borgarstjórn



Ég mun beita mér fyrir:

- Útibú Slökkviliðsins fyrir Breiðholt
- Arnarnesveginn í stökk
- Skíðabrekkan fái andlitslyftingu og verði Vetrargarður

XE

Nánari upplýsingar um stefnumál E-listans á bestaborgin.is

Veiditímabilið er byrjað!



Ertu búinn að fá þér Veidikortið?

Frelsi til að veida!

8.900 kr

Fæst hjá N1, OLÍ, veiðibúðum og veidikortid.is

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opnum 22. febrúar n.k.
kl. 11-16



Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

D



„Fáum uppalinn Breiðhylting í borgarstjórn - kjósum Sjálfstæðisflokkinn og tryggjum Helga Áss sæti í borgarstjórn.“

- Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fyrrverandi borgarstjóri

Helgi Áss - 7. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Helgi Áss við Brúnastekk 11 vorið 1997, tvítugur, alsæll með fyrsta bílinn sinn.



Tveir Grétar Ássar, faðir minn og frændi árið 1993.



Ég hef alltaf verið mömmustrákur. Móðir mín, Sigrún Andrews dóttir, júní 1995.



Landsliðsmarkmaðurinn í U-16 ásamt móður sinni í Brúnastekk 11 í júlí 1993.

Veljum XD laugardaginn 14. maí

Borgarlína - klárum dæmið!

Undirbúningur við gerð Borgarlínunnar er á fullri ferð. Alþjóðlegt hönnunarteymi á vegum Vegagerðarinnar og Betri samgangna ohf. vinnur að hönnun göturýmis Borgarlínunnar. Innan skipulags- og samgöngudeilda Reykjavíkur eru til skoðunar þær breytingar á skipulagi og samgöngum sem Borgarlínan kallar á. Samhliða er verið að skilgreina hvernig við tryggjum gæði þeirra borgarrýma og gatna sem Borgarlínan liggur um. Samkvæmt áætlun munu framkvæmdir við fyrstu lotu Borgarlínunnar hefjast strax á næsta ári.

Með Borgarlínunni munu skapast nýjar tengingar milli hverfa, borgarhluta og til annara sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Tengingar sem eru á forsendum gangandi og hjólandi vegfarenda og þar sem almenningssamgöngur eru í forgrunni. Til verða nýir möguleikar til að ferðast um borgina með fjölbreyttum hætti sem styttr vegalengdir fyrir borgarbúa og dregur úr hlutdeild einkabilsins í ferðum þeirra - hvort sem fólk kýs í auknum mæli að labba, hjóla eða treysta á Borgarlínuna.

Á næstu fjórum árum mun Borgarlínan og framkvæmdir henni tengdar vera mikið til umfjöllunar. Það sama gildir um allar helstu ákvarðanir sem teknar verða um það hvernig kerfið mun virka fyrir notendur þess. Í mörgum tilvikum verður tekist á um hvernig borgarumhverfi við mótum með þeim framkvæmdum og innviðaupbyggingu með felast í verkefninu. Skiptir þar máli að setja upplifun borgarbúa í forgrunn en velja um leið lausnir sem horfa til framtíðar og stuðla að umhverfsvænu borgarumhverfi. Við verðum að taka frá meira pláss fyrir gróður, grænar áherslur og mannlífð.

Áætlað er að íbúum á höfuðborgarsvæðinu muni fjölga um 70.000 manns á næstu 15 árum. Breyttar ferðavenjur innan borgarinnar eru lykilatriði í að tryggja að samgöngur muni einfaldlega virka með auknum íbúafjölda á svæðinu. Er breyttar ferðavenjur um leið lykilatriði í að tryggja að við getum staðið við alþjóðlegar loftslagsskuldbindingar okkar. Borgarlínan er eina raunhæfa lausnin til að þau markmið gangi eftir.

Í ljósi mikilvægi verkefnisins verðum við að standa vörð um kjarna Borgarlínunnar í allri þeirri ákvarðanatöku sem framundan er. Mikill metnaður hefur verið settur í undirbúning verkefnisins á liðnum árum en nú er komið að því að ákveða útfærsluna. Nú um helgina, þann 14. maí næstkomandi, verður gengið til borgarstjórnarkosninga. Þar skiptir máli að til starfa í borgarstjórn veljist fólk og flokkar sem til að byrja með hafa trú á Borgarlínunni. Að hafa skilning á umfangi verkefnisins og þeim tækifærum sem því fylgir er ekki síður mikilvægt.

Við í Samfylkingunni vitum að því fylgir mikil ábyrgð að móta umhverfi borgarinnar. Við munum gæta þess að hvergi verði slegið af þeim gæðum sem Borgarlínan þarf að hafa eða kröfum okkar um gott og heilnæmt umhverfi fyrir fólkið í borginni.

Birkir Ingibjartsson, arkitekt og verkefnastjóri hjá borgarskipulagi Reykjavíkur. Skipar 8. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar



Birkir
Ingibjartsson.

Reykvískt rafmagn á rafmagnsbílinn?

Ellíðaárvirkjun var nánast samfleytt í rekstri frá sumrinu 1921 þar til að fallþípan hóf að leka árið 2014. Það hefur verið skoðað með reglulegu millibili hvort koma eigi virkjunin í gang á nýjan leik og hafa jafnan þrjár valkostir komið til álitu á þeim efnunum (Skýrsla stýrihóps um Ellíðaárdal, dags. 15. júní 2021, bls. 11). Einn möguleiki hefur verið að setja nýja vatnsaflsvél, endurnýja fallþípuna og nýta önnur mannvirki virkjunarinnar. Annar valkostur hefur verið að endurnýja einungis fallþípuna og reka virkjunina eins og á árum áður. Þriðja leiðin hefur verið að hætta raforkuframleiðslu til frambúðar. Síðastnefnda leiðin varð fyrir valinu í lok október 2020.

Við það tækifæri var tilkynnt að Árbæjarlónið yrði tæmt til frambúðar en það er að mestu ágreiningslaust að illa hafi verið staðið að undirbúningi þeirrar ákvörðunar, sbr. grein okkar í fjórða og síðasta tbl. Árbæjarblaðsins (apríl 2022). Sem dæmi hefur ákvörðunin verið harðlega gagnrýnd fyrir skort á samráði við íbúa svæðisins áður en hún var tekin.

Er ekki best að athuga hvort virkja skuli á nýjan leik?

Í ljósi þess að Ellíðaárvirkjun var starfrækt samfleytt í meira en 90 ár, og öll helstu mannvirki hennar eru enn til staðar, eru augljós rök fyrir því að hefja virkjun hennar á nýjan leik. Um þetta var fjallað

í fréttatíma Stöðvar 2 hinn 28. apríl síðastliðinn en þar var m.a. vakin athygli á því að á sama tíma og landsmenn brenndu sl. vetur dísilolíu sökum skorts raforku þá „stóð Ellíðaárvirkjun ónotuð“.

Í þessari sömu frétt var tekið viðtal við Birkir Þór Guðmundsson, stjórnarformann Orkuvers ehf., en hann hefur lengi starfað í raforkugeiranum og hefur síðan frá aldamótum m.a. komið að uppbyggingu og reksturs töluverðs fjölda smávirkjana. Að mati Birkis hefur Orkuveitan áætlað kostnað af því að enduræsa Ellíðaárvirkjun of háan, þ.e. Orkuveitan telur að endurbætur muni kosta um milljarð króna en samkvæmt grófri skoðun fyrirtækis Birkis er talið að kostnaðurinn liggja „einhversstaðar á bilinu sextíu prósent af þeirri kostnaðaráætlun“, þ.e. um 550 til 660 milljónir króna.

Sé mið tekið af þróun raforkuverðs sem og aukinni eftirspurn eftir raforku, m.a. vegna rafvæðingaráflötans, virðist ókynsamlegt að skoða það mál ekki á nýjan leik að virkja Ellíðaána á ný. Árbæjarlónið myndi þá fyllast á ný. Um þetta eru án efa skiptar skoðanir.

Mörgum mundi hugnast að fá lónið fyllt að nýju þar eð það skapaði litríkt umhverfi, t.d. blómstráði fuglalíf í lóninu og fyrir útivistarfólk sem gekk um lónið þótti það iðulega fagurt, svo sem vegna speglunar þess. Á hinn bóginn verður ekki fjöður dregin yfir það



Jórunn Pála
Jónsdóttir.



Helgi Áss
Grétarsson.

að flestir áhugamenn um laxveiði telja til bóta að Árbæjarlónið hafi verið tæmt. Sömu skoðunar eru þeir sem styðja þá viðleitni að færa náttúruna sem næst upprunalegu ástandi sínu, þar með talið vatnsfarvegi.

Kjarni málsins

Það kann að kosta fjárútlát og flækjur að hefja skoðun á því að koma Ellíðaárvirkjun aftur af stað. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar ætti augljóslega að kanna málið betur. Allt er nefnilega til reiðu að tryggja borgarbúum, fyrir tiltölulega lág útgjöld, raforku úr Ellíðaánunum og auka þannig öryggi við afhendingu raforku í Reykjavík, m.a. fyrir sístækkandi rafbílaflota.

Helgi Áss skipar 7. sæti og Jórunn Pála 9. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar sem haldnar verða 14. maí 2022.

Breiðholt er besta hverfið

Það er frábært að vera í Breiðholtinu og búa. Þetta vitum við í Viðreisn, enda ekkert hverfi sem á jafn marga fulltrúa á okkar lista og Breiðholtið. Hér höfum við báðar alist upp. Önnur býr hér enn með fjölskyldu sinni á meðan hin fluttist yfir Ellíðaár, yfir í Árbæ.

Frábær aðstaða hjá ÍR

Í Breiðholtinu fer fram mjög öflugt íþróttastarf, bæði hjá Leikni og ÍR. Það hefur verið nokkuð löng bið eftir bættri íþróttastöðu fyrir börn og ungmenni hjá ÍR en í upphafi kjörtímabilsins tókst Viðreisn að tryggja fjármögnun til verkefnisins og nú erum við að uppskera. Það er búið að umbylta aðstöðunni með nýju fótboltahusi við ÍR. Opnunardagurinn, með húsíð fullt af börnum í bláhvítum búningum var dásamlegur. Við ÍR er líka komið frjálssíþróttasvæði og von bráðar verður komið nýtt parkerhus, þar sem hægt verður að afa innahúsboltaíþróttir og dans.

Okkur í Viðreisn er mjög umhugað um börnin. Við viljum forgangsraða í þágu þeirra. Uppbygging íþróttamannvirka á að

vera í þágu barna og ungmenna og við viljum líka bæta starfsdaginn þeirra með því að samræma betur skóla og íþróttastarf, svo úr verði betri samfella.

Fimm ára frítt í leikskóla

Við teljum að öll fimm ára börn eigi að fá frítt í leikskóla. Þetta teljum við vera mikið jafnréttismál. Það eru um 5% fimm ára barna sem ekki eru á leikskóla eða hafa verið tekin út af leikskólum. Þetta eru aðallega börn af tekjuminni heimilum sem hafa þá ekki fengið sama undirbúning fyrir grunnskóla og önnur börn. Við teljum mikilvægt að bæta úr þessu. Með þessu gætum við líka styrkt leikskóla sem fyrsta skólagerð.

Sveigjanleika og fjölbreytni í heimaþjónustu fyrir aldraða

Við í Viðreisn viljum líka tryggja góða þjónustu fyrir aldrað fólk, sem byggir á virkni þeirra og þátttöku. Við viljum tryggja einstaklingum dvöl í öryggi heimilis síns eins lengi og hægt er. En til að það sé raunhæft, þá þarf líka að tryggja



Jóhanna Dýrunn
Jónsdóttir.



Þórdís Lóa
Þórhallsdóttir.

góða þjónustu heim. Það þarf að tryggja aðgengi, hjálpartæki, endurhæfingu, hreyfingu, fæði og afbragðs stuðningsþjónustu og heimahjúkrun. Sérteklega þarf að efla kvöld- og helgarþjónustu og sveigjanlega dagvistun. Þarna viljum við styðja við fjölbreytni og sveigjanleika, t.d. í rekstrarformi þjónustunnar sem aldrað fólk fær og í fæði sem aldrað fólk getur keypt heim.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar í Reykjavík og Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir 5. sæti á lista Viðreisnar í Reykjavík.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali, leigumíðari
896 5222
ingolfur@valholl.is



Heidar Friðjónsson
Sölustjóri, löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is



Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, löggiltur
fasteignasali, skjalagerð
897 1339
hildur@valholl.is



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is



Hólmfríður Björvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
BA í stjórnmalfræði
862 1110
hrafnhildur@valholl.is



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhúss Stílisti
892 8778
anna@valholl.is



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is



Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is

**Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala
sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!**



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



**Sumarstarf
Miðbergs 2022
Miðberg
Summer
activities**

www.midberg.is

Sumarfrístund í Álfheimum,
Bakkaseli, Hraunheimum,
Regnboganum, Vínáheimum og
Vínaseli. Fjölbreytt þematengt
starf fyrir börn fædd 2015-2012

Summer activities in Álfheimar,
Bakkasel, Hraunheimar,
Regnboginn, Vínáheimar and
Vínasel for children born 2015-
2012.

Different program each week.

Félagsmiðstöðin Hellirinn
býður upp á vikunámskeið
fyrir fötluð börn og unglínga
fædd 2006-2011

Hellirinn youth center
offers summer
programs for disabled
children born
2006-2011



Félagsmiðstöðvarnar
Hundrað&ellefu, Hólmasel og
Bakkinn bjóða upp á lifandi
sumarsmiðjur fyrir
10-12 ára börn fædd 2011-2009
og kvöldopnanir fyrir unglínga.

Youth centers
Hundrað&ellefu, Hólmasel and
Bakkinn offer fun summer
activities for children born
2011-2009 and evening
openings for teenagers.

Allar nánari upplýsingar
um námskeiðin,
skráningu, gjaldskrá
o.fl. er að finna á
www.fristund.is

All further information on
fees, programs and
registration can be found
here: **www.fristund.is**



Kjósimum Breiðhylling í borgarstjórn

Ég undirritaður hef búið með fjölskyldu minni í 51 ár í Breiðholti, fyrst í Vesturbergi 10 og svo í Brekkuseli 26.

Ég hef allan þennan tíma verið virkur í íbúasamtökum í Breiðholti og í borgarstjórninni. Fyrst í Albýubandalaginu, síðan Nýjum Vettvangi, R-listanum, Samfylkingunni og nú Reykjavík, Besta Borgin (RBB). Í þessum félagsmálastörfum mínum hef ég náð m.a. að knýja í gegn Skíðabrekkuna í Vatnsendahvarfi, göngubrúna yfir Breiðholtsbraut og undirgöng undir Breiðholtsbraut við Maríubakka.

Nú þurfum við Breiðhyllingarnir að fá Arnarnesveginn í stökk, Skíðabrekkann aftur andlitslyftingu og breytist í Vetrargarð og síðast en ekki síst komi útbú frá Slökkviliðinu í Breiðholti, til þess að við í Breiðholti búum ekki við óviðunandi öryggi varðandi útkallstíma slökkviliðs og sjúkrabíla, þar sem hver mínúta skiptir máli og viðurkennt er að hálfu slökkviliðsins að öryggisástandið í Breiðholti stenst ekki þeirra eigin öryggisstaðla!

Varðandi hin almennu stefnumál RBB er það að segja að flestir pólitíkusa hinna hefðbundnu landsmálaflokka segja við okkur í RBB: Þið hafið faglega séð rétt fyrir ykkur (samkvæmt skipulagsfræðunum) en þetta er pólitískt ómögulegt m.a. vegna misvægis atkvæðanna! En nú er mögulegt að kjósa flugvöllinn burt vegna þess að fram er komið nýtt pólitískt afl inn í borgarstjórnina sem er óháð öllum gömlu landsmálaflokkunum.

Reykvíkingar kjósa einfaldlega þetta nýja afl: "Reykjavík, Besta Borgin og flugvöllurinn gæti verið á förum úr Vatnsmýrinni eftir örfá ár!

Stefna okkar í RBB er að borgin losi sig við flugvöllinn og undirbúi strax byggingu nýrrar miðborgar í Vatnsmýri!

Samgöngusáttmála ríkis og borgar verði rift og borgin krefji ríkið um 3,5% á ári í lóðarleigu af borgarlóðunum undir flugvöllum (sem gera ca.7 milljarða kr. á ári sem er ca. 500.000,- á meðalfjölskyldu á kjörtímabilinu) til að stugga honum burt sem fyrst.

Forsendan fyrir kosningaloförðum RBB er að við höfum 7 milljörðum króna meira á ári eins og áður kom fram en önnur frambóð til að fjármagna þau. Ef ekki með lóðarleigunni strax, þá með langtíma lántöku með veði í Vatnsmýrarlóðunum. Strax og tækifæri gefst verða Vatnsmýrarlóðirnar síðan seldar hæstbjóðanda.

Reykjavík, Besta Borgin vill

- 1.-4. Lækka útsvar, fasteignagjöld tekjulágra eldri borgara og öryrkja, leikskólagjöld og strætó-gjöld verulega.
5. Að biðlistum á leikskóla (með aðkomu ríkisins) verði eytt 2026.
6. Hækka frístundakort í 80 þús. kr.
7. Lækka skólamáltíðir um 50%
8. Hækka "hverfispotta" um 100%
9. Að staðið verði við markmið borgarinnar um minnkun Co2-útblæstri; það næst einungis með því að fallast á tillögu RBB um þetta og blandaða byggð í Vatnsmýri.
10. Að þjónustustig aðgátakerfisins lækki ekki á kjörtímabilinu og farið verði í þær endurbætur sem þarf (með aðkomu ríkisins) til að ná því markmiði.
11. Settar verði 1 milljarður króna á ári í aukna þjónustu við aldraða, öryrkja og aðra, sem standa höllum fæti.

Gunnar H. Gunnarsson verkfræðingur í 1. sæti E listans.



Gunnar H. Gunnarsson.

Baráttumál Flokks fólksins lögð í dóm borgarbúa 14. maí

Hinn 14. maí er gengið til sveitarstjórnarkosninga. Þetta er hátíðardagur því á slíkum degi er lýðræðið áþreifanlegt. Við fáum tækifæri til að velja það fólk sem við treystum til forystu.

Fyrir fjórum árum var ég svo lánsöm að vera kosin í borgarstjórn. Flokkur fólksins lenti í minnihluta eins og kunnugt er. Á þessum tíma hef ég lagt nótt við dag til að vinna að framfarumálum í þágu borgarbúa, eins og sjá má á þeim hundruðum mála, tillagna, fyrirspurna og bókana sem flokkurinn hefur lagt fram og koma fram í fundargerðum, á samfélagsmiðlum og á heimasíðunni kolbrunbaldurs.is.

Auk þess höfum við í Flokki fólksins skrifað tugi greina um þau framfarumál sem meirihlutinn í borgarstjórn setti lóðbeint í ruslatunnuna. Allt er þetta gert í þeirri von að dropinn holi steininn. Á þessum tíma hef ég lært að borgarstjórn Reykjavíkur starfar í bergmálshelli þar sem allt gengur út á að tryggja sér áframhaldandi völd í blindri trú á eigin ágæti. Brýnum úrbótum á grunnþjónustu er stungið undir stól af því að þau mál eru svo „leiðinleg“. Í staðinn tekur meirihlutinn sig til kostanna og fjármagnar alls kyns dýr gæluverkefni sem honum finnst skemmtilegt að föntra við. Allt á kostnað fólksins í borginni.

Bál óréttlætis og sorgar

Í mér brennur bál óréttlætis og sorgar þegar ég hugsa til þess hvernig farið hefur verið með fólk í Reykjavík sem býr við skerta örorku, fólk á lúslarunum, fólk sem missti allt sitt í hrúninu og á annað hundrað eldri borgara sem biða nú ýmist eftir hjúkrunar- og dvalarheimili eða þjónustu til að geta verið sem lengst heima. Biðlistar eftir þjónustu lengjast og fátækt fer vaxandi í Reykjavík með tilheyrandi vanlíðan.

Flokkur fólksins er með skýra stefnu. Við viljum að Reykjavík sé fyrir alla, ekki bara suma. Við viljum að áður en farið er í fjárfrek milljarðaverkefni, sem ekki er brýn þörf á, eins og skreytingar og umbyllingu torga, þurfi fyrst að tryggja að allir eigi heimili og mat á diskinn.

Flokkur fólksins hefur blöskrað eyðsla meirihlutans á 13 milljörðum króna í stafræna umbreytingu, ekki af því hún sé ekki nauðsynleg heldur vegna þess að með þetta fé hefur verið bruðlað og því eytt í þróunarmáli á lausnum sem nú þegar eru víða til. Ein tillaga Flokks fólksins gekk út á að taka hluta af þessum 13 milljörðum króna og hækka þess í stað fjárheimildir til að ráða fagfólk svo ráðast megi til atlögu gegn biðlistum í borginni. Ég hef starfað sem sálfræðingur í áratugi og löngu áður en ég varð oddviti Flokks fólksins var ég farin að mótmaela löngum biðlistum barna til sálfræðinga og talmeinafræðinga. Á biðlista barna, sem biða eftir fagþjónustu Skólajónustunnar, eru nú rúmlega 1800 börn og hefur biðlistinn fimmfaldast á fjórum árum. Bið er í alla þjónustu fyrir

börn og enn hefur Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna ekki verið innleiddur í Reykjavík.

Forgangsráða þarf málum með þarfir og þjónustu borgarbúa að leiðarljósi, stöðva bruð og leikaraskap með fjármagn borgarinnar en nota það þess í stað til að bæta lífsgæði og aðstæður þeirra sem eru illa staddir.

Sýnum skynsemi í húsnæðismálum

Flokkur fólksins vill taka á hinum alvarlega skorti á húsnæði af öllum gerðum í Reykjavík fyrir alla aldurshópa. Húsnæðisskorturinn bitnar sífellt harkalegar á almenningi, sérstaklega efnamínna fólk og veldur aukinni verðbólgu. Flokkur fólksins styður þéttingu byggðar í grónum hverfum þar sem möguleiki er á stækkun innviða eins og t.d. í Grafarvogi og í Úlfarsárdal. Ómarkviss þéttingarstefna meirihlutans hefur hins vegar leitt til þess að í mörgum hverfum eru innviðir sprungnir og sumir þéttingarreitur eru orðnir að skuggabyggð.

U.þ.b. 600 manns eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði og á annað hundrað eftir sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk. Útrýma þarf húsnæðisskort aldrafra. Til þess að aldraðir geti búið eins lengi heima og þeir vilja, þarf að tryggja þeim fullnægjandi heimaþjónustu.

Lokaorð

Ég hef sem sálfræðingur lært að hlusta og þannig hef ég hlustað á alla þá sem leitað hafa til mín á kjörtímabilinu. Þeim hef ég reynt að hjálpa af fremsta mætti og á þann veg sem ég hef mátt og getað t.d. með því að vísa þeim veginn í völsundarhúsi borgarkærðisins. Segja má að hverj sem ég hef farið mæti mér hlý orð og fallett bros. Ég hef því vonandi gert eitthvað rétt.

Nú er komið af því að velja aftur og komið að því að leggja mín verk og mig sjálfa sem stjórnámann í dóm kjósenda. Ég er orkumikil og brenn fyrir réttlæti og bættara samfélagi. Framboðslisti Flokks fólksins er skipaður breiðum hópi fólks sem brennur fyrir málefnum borgarbúa. Við lofum því að berjast áfram fyrir hagsmunum ykkar með kjafti og klóm, blóði, svita og tárnum fáum við til þess umboð.

Sjáumst í baráttunni fyrir betri Reykjavík!

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur og oddviti Flokks fólksins, skipar 1. sæti á lista flokksins í komandi borgarstjórnarkosningum.



Kolbrún Baldursdóttir.

Við eigum að geta gengið að nærþjónustu vísri, bókstaflega

Ég elska Breiðholtið.

Ég byrjaði ævina sem Breiðholtsbúi og minnst þess með hlýju að hafa gengið með fjölskyldunni í ísbúðina sem þá var við Rangársel. Þegar ég flutti aftur hingað á fullorðinsaldri saknaði ég ísbúðarinnar, og þess að geta gengið stuttan spöl til að sækja þjónustu. Það er draumur minn að verslun og þjónusta verði aftur aðgengileg á svæðinu, og að allir íbúar Breiðholts geti notið þeirra lífsgæða að hafa nærþjónustu í göngufæri við sitt heimili.

Á næstu árum stendur til að fara í mikla uppbyggingu í borginni og það er mikið í húfi að vel sé staðið að þeim framkvæmdum. Því er mikilvægt að kjósa manneskjuvænt, grænt borgarskipulag og fagleg vinnubrögð í komandi sveitarstjórnarkosningum. Piratar hafa sýnt það á kjörtímabilinu að vera flokkur sem beitir sér fyrir auknu gagnsæi, faglegum vinnubrögðum og valdeflingu íbúa, auk þess að vera leiðandi í loftslagsmálum.

Mikilvægt er að uppbygging húsnæðis sé í takt við þarfir fólks og taki mið af framtíðarmöguleikum hverfanna. Piratar vilja tryggja aðgengi mismunandi hópa að húsnæði og því verði að lágmarki fjórðungi íbúða á uppbyggingarsvæðum úthlutað til uppbyggingar á ódýrum íbúðum. Einnig leggjum við áherslu á að auka fjölbreytni í húsnæðisuppbyggingu og skoða fleiri leiðir til búsetu, til dæmis fjölbýli með sameiginlegum rýmum, svo öll sem eru í húsnæðisleit geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Fjölbreytni í mannlífi og umhverfi gerir hverfi svo miklu skemmtilegri.

Það eru gífurleg tækifæri fólgin í því að fá fleiri íbúa í Breiðholtið, en það er lykilmálið að þeir íbúar hafi raunverulegt val um samgöngumáta, sérstaklega í ljósi þeirrar uppbyggingar sem mun verða á samgöngukerfunum okkar á næstu árum. Sum kjósa að ganga, önnur að hjóla, sum að keyra og enn önnur kjósa að nýta almenningssamgöngur til að komast leiðar sinnar í daglegu lífi. Við eigum öll að hafa val. Þéttari byggð með áreiðanlegum og fjölbreyttum samgöngukostum mun skila sér í líflegra umhverfi og styrkja rekstrargrundvöll nærþjónustu í hverfinu. Það er stefna Pírata að uppbyggingu Borgarlínunnar sé flýtt og það er trú mín að það sé mikið hagsmunamál fyrir Breiðholtið, en það var ekki á dagskrá að gera tenginguna við hverfið fyrr en í seinni uppbyggingaráföngum Borgarlínu. Látum Breiðholtið ekki sitja á hakanum!

Breiðholtið er nú þegar frábært og skemmtilegt, en það á skilið að blómstra enn frekar. Kjósimum fjölbreytt mannlíf og lifandi umhverfi, setjum X við P þann 14. maí!

Höfundur er Elísabet Guðrúnar- og Jónsdóttir, íbúi í Seljahverfi, forritari og er í 5. sæti á lista Pírata. Í viðhengi er mynd af höfundi.



Elísabet Guðrúnar- og Jónsdóttir.

www.breidholt.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Stærsta verkstæði landsins í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.
Eitt fullkornasta
hjólarðaverkstæði landsins.
Tímamantanir á nesdekk.is

Nesdekk Grjóthálsi 10.
Engar tímamantanir.
Þú mætir með bílinn
og ferð í röð.



**Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn
og skoðu dekkjúrvalið á nesdekk.is**

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Sendiherrar Breiðholts

Verkefnið Sendiherrar í Breiðholti hefur verið starfrækt í rúmt ár, og undirbúningur og hugmyndavinna lengur. Sendiherrarnir eru fulltrúar 8 mál- eða menningarhópa, og fleiri þar sem arabíski og afríski hópurinn er mjög fjölbreyttir hópar. Alls vinna 14 sendiherrar fyrir verkefnið.



Sendiherrarnir hafa staðið

í ströngu í allan vetur þar sem mikið af þýðingum, kynningum og verkefnum hafa verið á þeirra herðum. Það er nánast í hverri viku sem við óskum eftir þýðingu frá þeim fyrir okkur í Suðurmíðstöð (áður Þjónustumíðstöð Breiðholts), eða fyrir aðra samstarfsaðila innan hverfisins. Þeim upplýsingum er síðan miðlað til þeirra mál- eða menningarhópa í gegnum vefsíður, Facebook-síður eða tölvupósta. Einnig hafa verið skipulagðir fundir með viðkomandi hópum sem sendiherrarnir hafa skipulagt í samstarfi við Suðurmíðstöð. Mikið hefur verið leitað til sendiherrana til ráðgjafar og t.d. óskaði verkefnastjóri „Hverfið mitt“ eftir aðkomu þeirra að rýnisvinnu og fleiri sambærileg verkefni hafa á þeirra daga drifið.

Fyrir kosningarnar núna 14. maí eru þau að vinna að því að hvetja til kosningaþátttöku. Þetta er gert með að þýða og útskýra hvernig lýðræðið virkar í okkar samfélagi. Þetta ver einnig gert gert í fyrra vegna alþingiskosninga.

Þess ber að geta að sendiherrarnir hafa tengslanet um alla borg og út fyrir borgarmörkin. Það má því segja að sú grasrótavinnna sem unnin er hér í Breiðholti teigir anga sína víða. Verkefnið Sendiherrar í Breiðholti hefur verið lyftistöng í upplýsingamiðlun milli borgarkerfisins og þeirra mál- og menningarhópa sem tenging hefur verið við í gegnum þá einstaklinga sem taka þátt. Það er okkur mikið í mun að ná til fleiri hópa sem vinnum nú ötulllega að.

Jóhannes Guðlaugsson.
Frístundatengill í Suðurmíðstöð.



Jóhannes Guðlaugsson.



www.breidholt.is

BH BÍLAVIDGERÐIR
BÍLHÚSIÐ www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Getraunarnr. 111 www.leiknir.com
Leiknir var stofnað 1973 Austurbergi 1, Efra Breiðholti



Dominos kostar æfingagjöld barna hjá Leikni

Dominos og Leiknir hafa komist að samkomulagi um að efna til átaksverkefnis þar sem markmiðið er að auka þátttöku barna og unglinga í íþróttastarfi Leiknis með því að gera þátttöku gjaldfrjálsa fyrir börn búsett í Breiðholti gegn nýtingu frístundakorts Reykjavíkurborgar.

Markmiðið er að fjölga iðkendum um lágmark 50% á samningstímanum og lækka þannig hlutfall barna sem eru óvirk í frístundastarfi í hverfinu en nýting frístundakortsins er lægst í Efra Breiðholti af öllum hverfum Reykjavíkur. Í frétt frá Leikni segir að Dominos hafi í rúm 20 ár rekið höfuðstöðvar sínar við Lóuhóla 2 til 6 í Efra Breiðholti. Fyrirtækið hafi því bundist hverfinu sterkum böndum í gegnum árin og notið þess að fá öflugt starfsfólk úr hverfinu. „Okkur, eins og flestum, var kunnugt um þær áskoranir sem eru fyrir hendi í hverfinu hvað varðar þátttöku barna í íþrótt- og tómsundastarfi og kemur fram í lágrí nýtingu frístundakortsins. Við erum stolt af þessum samningi en með honum vonumst við til þess að styrkja nærumhverfi okkar með beinum hætti og stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi enda hefur slíkt óumdeild jákvæð áhrif á velferð þeirra.“ segir Magnús Hafliðason, forstjóri Dominos á Íslandi.

Nær til barna á aldrinum 6 til 16 ára

Átaksverkefnið nær út árið



2023 og er til barna á aldrinum 6 til 16 ára sem búsett eru í hverfinu. Sérstök áhersla verður á að miðla upplýsingum um verkefnið á fjölbreyttum tungumálum með það að markmiði að ná til sem flestra fjölskyldna í Efra Breiðholti. Eins og fram hefur komið er hlutfall barna sem eru virk í tómsunda og íþróttastarfi lægst í Efra Breiðholti en markmið verkefnisins er að fjölga iðkendum um lágmark 50% á samningstímanum. Oscar Clausen, formaður Leiknis segir að samstarfið við

Dominos mun gera Leikni kleift að bjóða börnum og unglingum að æfa endurgjaldslaust hjá félaginu gegn því einu að skila inn frístundaávísun. Þetta framtak Dominos styrkir nærumhverfið með því að greiða það sem á vantar í full æfingagjöld. Oscar segir að forganga Dominos í þessu máli sé einisdæmi og öðrum til eftirbreytni. Fyrst og fremst komi þetta börnum og unglingum í hverfinu til góða og því vonumst við til þess að sjá þau hópast á æfingar hjá Leikni.



www.leiknir.com



GETRAUNANÚMÉR
LEIKNIS ER 109

1X2
GETRAUNIR.IS

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Víðavangshlaup ÍR

Víðavangshlaup ÍR nr. 107 fór fram á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 21. apríl sl. Víðavangshlaupið er eitt fjölmennasta fimm kílómetra hlaup landsins og liggur hlaupaleiðin um miðbæinn. Víðavangshlaup ÍR er eitt af örfáum götuhlaupum landsins þar sem götum er lokað og hlauparar fá tækifæri til að leggja þær óáreittir undir sig.

Flestir bestu hlauparar landsins tóka þátt í hlaupinu og var hörð baráttu um sæti og tíma. Samhliða Víðavangshlaupinu fór einnig að venju fram 2,7 kílómetra skemmtiskokk sem er frábær skemmtun fyrir foreldra og börn sem vilja gera sér glaðan dag og fagna sumri með því að hlaupa saman. Öll börn sem luku hlaupi fengu sumarglaðning að því loknu.

Sigurvegari hlaupsins var Arnar Pétursson, Breiðablik á 15:24 og fyrst í flokki kvenna var Andrea Kolbeinsdóttir, ÍR á 17:08.



Hlauparar hlupu meðal annars niður Bankastræti og beygðu inn á Lækjargötu.

Góður árangur á Andrésar Andarleikunum

Andrésar Andarleikarnir fóru fram seinni partinn í apríl og áttu ÍR-ingar fullt af flottum keppendum á mótinu sem allir stóðu sig frábærlega.

Það ríkti mikil gleði á leikunum, enda erum við búin að bíða í þrjú ár eftir að fá loksins að keppa aftur á þessu skemmtilegasta skíðamóti ársins. Sólin skein alla helgina og gerðu mótshaldarar það að verkum að aðstæður voru eins og best verður á kosið í lok apríl.

ÍR-ingarnir stóðu sig frábærlega og unnu til fjölda verðlauna og varð Margrét Magnúsdóttir Andrésarmeistara í svigi 12. ára stúlkna.



ÍR-PLS er Íslandsmeistari liða

Í byrjun maí lauk hreint út sagt æsisþennandi úrslitakeppni á Íslandsmóti liða í keilu 2021 til 2022. Fóru báðir úrslitaleikirnir í 3 leiki í 3. umferð. Svo jafnt var hjá liðunum að leikar réðust ekki fyrir en í blá lokin.

Það var lið KFR-Valkyrjur sem sigruðu kvennadeildina með því að leggja lið ÍR-TT alls með 22 stigum gegn 20 en ÍR-TT var með yfirhöndina frá 1. umferð og alveg fram að lokaleikum. Er þetta í 13. sinn sem Valkyrjur fagna sigri á Íslandsmóti liða og hafa lang oftast liða sigrað deildarkeppnina.

Hjá körlum voru það ÍR-PLS sem urðu meistarar með því að leggja lið KFR-Stormsveitarinnar með alls 26 stigum gegn 16 en þrátt fyrir að vera 10 stigum á undan réðust úrslit ekki fyrir en í síðasta leik síðustu umferðar en ÍR-PLS þurfti þá einungis 1 stig af mögulegum 6 sem eftir voru í pottinum. Tóku þeir þar 5 stig og sigldu þessu örugglega í land. Er þetta í 9. sinn sem PLS menn fagna Íslandsmeistaratitlinum.

Einar Már Björnsson í ÍR-PLS átti stórleik í kvöld með 792 seríu eða 264 í meðaltal. Voru leikirnir hans 217 – 296 og 279. Fyrir keilara segir það að í leik 2 þá átti Einar séns á fullkomnum leik en hann missti boltann í síðasta kasti aðeins of langt út og fékk einungis 6. Í næsta leik var hann líka með 11 fellur af 12 mögulegum í leikum og einu sinni 9 og feykju.



Kátir Íslandsmeistarar.

Best kvenna í kvöld spilaði Katrín Fjöla Bragadóttir KFR-Valkyrjum en hún var með 568 seríu eða 189,3 í meðaltal.

Með þessum leikjum lauk keppnistímabili Keilusambandsins fyrir veturinn 2021 til 2022.



HEIMASÍÐA ÍR
www.ir.is

ALLTAF FULLT BORD
AF FERSKUM FISKI
OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS
MIÓDD



ÁFRAM ÍR

Joserabúðin
Ögurhvarfi 2
joserabudin.is

Josera
Þingálfur



Voffsalega skemmtileg gældudýrabúð!

SmíðaVik
GÓDIR Í GLUGGUM OG HURÐUM


Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is

sími 898-0503

Guðlaugur



D

Reykjavík sem virkar fyrir Breiðholt

Eflum nærþjónustuna

Við viljum styrkja Breiðholt í sessi sem öflugt þjónustuhverfi. Við viljum að unnt sé að reka matvöruverslanir í góðu göngufæri við alla íbúa og búa í haginn fyrir rekstur sérverslana í verslunarkjörnum.

Kynntu þér fleiri stefnumál á xdreykjavik.is

Greið og örugg umferð

Við viljum bæta umferðarflæði til og frá Breiðholti, t.d. með því að leysa umferðarhnútinn við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar (Sprengisand) með stokki.

Viðhald og umhirða

Við viljum bæta viðhald leikskóla, íþróttahúsa og leiktækja í hverfinu. Þá er ástand gatna, gangstétta og göngustíga í hverfinu víða óviðunandi og mikilvægt að bæta úr því. Víða þarf t.d. að auka þrif og bæta lýsingu á göngustígum.